

**633. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38,  
þriðjudaginn 26. mars 2024  
og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH), Jenný Lára Magnadóttir (JLM), Guðlaugur Jónsson (GJ), Lilja Magnúsdóttir (LM), Magnús Óskar Hálfðánsson (MÓH) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ).

**Fundargerð ritaði:** Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri

Aðalfulltrúinn Jón Ingi Jónsson boðaði forföll og því sat varafulltrúinn Magnús Óskar Hálfðánsson fundinn.

Oddviti býður fundarfólk velkomið og athugar hvort athugasemdir séu við fundarboðun, svo var ekki og oddviti lýsir fund 633 lögmætan.

**Dagskrá:**

**1. Aðgerðir stjórnvalda til stuðnings kjarasamningum - 2403024**

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 07.03.2024 varðandi stuðning ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna kjarasamninga í mars 2024. Jafnframt lagt fram erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 08.03.2024 með áskorun til sveitarfélaga vegna yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar og sambandsins vegna samninganna.

Mál frá 631. fundi sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 11.03.2024.

*Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps samþykkir með fjórum atkvæðum að taka undir bókun bæjarráðs Vesturbyggðar frá 12.03.2024 varðandi málið. Þar er lýst yfir ánægju með að kjarasamningar hafi náðst til lengri tíma, með það að markmiði að ná niður vöxtum og verðbólgu og skapa þar með skilyrði fyrir stöðugleika og aukinn fyrirsjáanleika. Samþykkt er að sveitarfélagið leggi sitt af mörkum til að auka sátt á vinnumarkaði, m.a. með endurskoðun gjaldskráa ársins 2024 og að skólamáltíðir verði gjaldfrjálsar frá og með ágúst 2024. Sveitarstjóra er falið að ræða við bæjarstjóra Vesturbyggðar um tillögur að gjaldskrárbreytingum vegna sameiningar sveitarfélaganna og leggja tillögurnar fyrir í viðauka við fjárhagsáætlun til samþykktar hjá sveitarstjórn.*

*GJ greiðir atkvæði á móti.*

**2. Skóladagatal 2024-2025 - 2403043**

Skóladagatal 2024-2025 samþykkt af fræðslunefnd Tálknafjarðarhrepps lagt fram til staðfestingar.

Mál frá 17. fundi fræðslunefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 13.03.2024.

*Sveitarstjórn staðfestir skóladagatal 2024-2025 samhljóða.*

**3. Bakvaktir í barnaverndarþjónustu - 2403105**

Erindi frá sviðstjóra velferðarsviðs Ísafjarðarbæjar dags. 22.03.2024 varðandi sameiginlegar bakvaktir í barnaverndarþjónustu á Vestfjörðum. Einnig er lagt fram minnisblað sama efnis frá sviðs- og félagsmálastjórum á Vestfjörðum dags. í febrúar 2024.

*Samþykkt með fjórum atkvæðum að bakvaktir í barnavernd verði sameiginlegar fyrir félagsþjónustusvæðin á Vestfjörðum í samræmi við framlagða tillögu. Sveitarstjóra er falið að leggja viðauka fram við sveitarstjórn vegna málsins.  
GJ situr hjá.*

**4. Árbók Barðastrandasýslu 2023 - 2403045**

Erindi frá Sögufélagi Barðastrandasýslu dags. 11.03.2024 varðandi útgáfu Árbókar Barðastrandasýslu 2023.

*Samþykkt með fjórum atkvæðum að styrkja Sögufélag Barðastrandarsýslu vegna útgáfu Árbókar Barðastrandasýslu 2023 um kr. 70.000,-.*

*JÖH greiðir atkvæði á móti.*

**5. Gautaborgarleikar 2024 - 2403048**

Erindi frá Héraðssambandinu Hrafna-Flóka dags. 11.03.2024 vegna ferðar frjálsíþróttakrakka á Gautaborgarleikana 2024.

*Sveitarstjórn telur ekki rétt að styrkja ferð á Gautaborgarleikana sérstaklega en samþykkir samhljóða að veita Héraðssambandinu Hrafna-Flóka styrk að upphæð kr. 50.000,-.*

**6. Fræðslunefnd - 17 - 2403002F**

Fundargerð 17. fundar fræðslunefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 13.03.2024.

*Fundargerðin er staðfest.*

6.1 2403043 - Skóladagatal 2024-2025

6.2 2309035 - Upplýsingagjöf skólastjóra skólaárið 2023-2024

6.3 2403039 - Upplýsingar frá skólaþjónustu Grindavíkur til skólastjórnenda

**7. Samþykkt Sameinaðs sveitarfélags Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar - 2403074**

Auglýsing dags. 19.03.2024 um staðfestingu innviðaráðuneytisins á sameiningu Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar í eitt sveitarfélag. Jafnframt er lögð fram Samþykkt um stjórn sameinaðs sveitarfélags Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar sem var birt af Innviðaráðuneytinu 19.03.2024.

*Lagt fram.*

**8. Sveitarstjórnarkosningar í Sameinuðu sveitarfélagi Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar 4. maí 2024 - 2403103**

Auglýsing landskjörstjórnar dags. 21.03.2024 um sveitarstjórnarkosningar í Sameinuðu sveitarfélagi Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar 4. maí 2024.

*Lagt fram.*

**9. Reglur um heimastjórnarkosningar í Sameinuðu sveitarfélagi Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar - 2403022**

Reglur nr. 370/2024 birtar í B-deild Stjórnartíðinda 22.03.2024 um heimastjórnarkosningar í Sameinuðu sveitarfélagi Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar.

*Lagt fram.*

**10. Vatnsveita Tálknafjarðarhrepps - 2311051**

Minnisblað frá starfsmanni eignasjóðs Tálknafjarðarhrepps dags. 20.03.2024 varðandi vatnsveitu Tálknafjarðarhrepps.

*Lagt fram.*

*Sveitarstjórn þakkar starfsmanni eignasjóðs fyrir vel unnið minnisblað.*

*Samþykkt að vísa minnisblaðinu til umhverfis- og framkvæmdasviðs Sameinaðs sveitarfélags Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar. Sveitarstjórn telur brýnt að hraða vinnu við málið þar sem ljóst er að álag á vatnsveitu eykst verulega með vorinu.*

**11. Meindýareyðing í þéttbýli - 2403107**

Á fundinum verða umræður um meindýraeyðingu í þéttbýli á Tálknafirði.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að segja upp samningi vegna meindýravarna fyrir Tálknafjarðarhrepp sem er dagsettur 08.11.2017 vegna sameiningar sveitarfélaga og þess fyrirkomulags sem mun gilda í nýju sveitarfélagi.*

**12. Styrktarsjóður EBÍ 2024 - 2403093**

Erindi frá Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélag Íslands dags. 21.03.2024 þar sem aðildarsveitarfélögum félagsins er boðið að senda inn umsókn um stuðning við verkefni sem fealla undir reglur Styrktarsjóðs EBÍ.

*Lagt fram.*

**13. Ársreikningur Náttúrustofu Vestfjarða 2023 - 2403082**

Ársreikningur Náttúrustofu Vestfjarða 2023 staðfestur af stjórn NAVE.

*Lagt fram.*

**14. Endurskoðun laga um verndar- og orkunýtingaráætlun - 2403088**

Erindi dags. 20.03.2024 frá starfshópi á vegum Umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytisins sem er ætlað er að endurskoða frá grunni lög um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 (rammaáætlun). Með bréfinu vill starfshópurinn stuðla að því að helstu hagaðilar séu upplýstir um áformaskjalið og jafnframt hvetja til að þeir áframsenda upplýsingarnar til þeirra sem skoðanir kunna að hafa á málinu.

*Lagt fram.*

**15. Framkvæmdaráð velferðarþjónustu Vestfjarða - 2403104**

Fundargerð 2. fundar framkvæmdaráðs Velferðarþjónustu Vestfjarða sem fór fram 19.03.2024.

*Lagt fram.*

**16. Fundargerðir stjórnar Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks 2024 - 2403106**

Fundargerð stjórnarfundar Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks sem fór fram 18.03.2024.

*Lagt fram.*

**17. Fundargerðir Náttúrustofu Vestfjarða (NAVE) 2024 - 2403081**

Fundargerðir stjórnar Náttúrustofu Vestfjarða nr. 146 sem fór fram 16.02.2024 og nr. 147 sem fór fram 18.03.2024.

*Lagt fram.*

**18. Fundargerðir stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 2024 - 2401079**

Fundargerðir stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 945 sem fór fram 28.02.2024 og nr. 946 sem fór fram 15.03.2024.

*Lagt fram.*

Oddviti þakkar fundarmönnum góðan fund og slítur fundi.  
**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:37.**

---

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH)

---

Jenný Lára Magnadóttir (JLM)

---

Guðlaugur Jónsson (GJ)

---

Lilja Magnúsdóttir (LM)

---

Magnús Óskar Hálfðásson (MÓH)

---

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)